

Penjið út brjóstin og lærið þið *lífid* að þekkja.
 Lítið upp *sjálfir* frá klafa og þrælsoki hlekkja.
 Inni er myrkrið og andleg og líkamleg megurð,
 úti er ljósið með víðsýni og himneska fegurð.
 Inni er dauðinn í höllum og kofum og kyrkjum,
 Kristur er flúinn úr löggiltum heimskunnar virkjum.
 Þreytti hann dimman og öfug og misskilin menning,
 melétin, brunnin og rangsnúin aldanna kenning.

II.

Nú er hann Kristur þinn kominn til blómanna ungu,
 Kominn með ljósengla himneskan, dýrðlegan skara.
 Syngur um frelsið til lýðsins á lifandi tungu:
 „Lögmál það heyr þú, ó, mannkind! sem eilíft skal vara:
 Guð þinn er kraftur, sem gróðrinum stjórnar og eykur.
 Guðshúsið—kyrkjan—er jörðin og sólhvelið bjarta.
 Sálmana fuglarnir syngja, en vorblærinn leikur.
 Sönnustu ræðuna finnurðu’ í vaknandi hjarta.

„Skoðið þið akursins liljugrös lágir og háir,
 —lærið þið spekina eilífu stórir og smáir—
 segurri’ en Salómons gulldjásn og skrúði þau skína,
 skrýddu eins dýrðlega húmbeygðu sálina þína!
 —Sannlega, sannlega segi’ eg þér táldeigni lýður:
 syndin er dimman, sem höggorms í myndinni skrifur.
 Vorið og ljósið er sélunnar engillinn sanni,
 sjáðu hann, þektu hann, trúðu’ á hann— vertu að manni.

„Vei yður grimmlynda valdstjórn með kúgun og helsi!
 Vei yður Jehóva þjónar sem ofsækið frelsi!
 Eitruðu nöðrur! Þér höggormar! Hvar eru verkin?
 Heimurinn blóðstorkinn sýnir þér kærleikans merkin.
 Sólskini vorsins í vetrarins myrkur þér breytið,
 volaða smánið þér, svíkið og fláið og reitið.
 Finst yður hamingja hörmungar bræðranna að þyngja,
 heimskuna’ í lögum og kristni að stækka og yngja?“